



Fundarboð

Vatnajökulspjóðgarður var stækkaður s.l. sumar þegar Krepputunga og Kverkárrani bættust við austursvæði hans. Vegna stækkunarinnar þarf að breyta stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins og fjalla þar um nýju svæðin á sama hátt og önnur svæði sem fyrir eru. Umfjöllunarefnin eru m.a. verndargildi einstakra staða, aðgengi og þjónusta.

Mótun breytinga á stjórnunar- og verndaráætlun er að hefjast og til þess að afla upplýsinga um hugmyndir og afstöðu hagsmunaaðila er boðað til tveggja samráðsfunda:

- Á Hótel Héraði, Egilsstöðum, laugardaginn 15. mars, kl. 12 – 14.
- Á Hótel Natura, Reykjavík, fimmtudaginn 27. mars kl 16 – 18.

Fundirnir eru öllum opnir.

Dagskrá fundanna er í meginatriðum tvískipt:

1. Kynning á svæðinu

Þjóðgarðsvörður gefur yfirlit yfir svæðið sem bæst hefur við þjóðgarðinn í máli og myndum. Farið verður yfir helstu náttúruperlur sem þar er að finna, hvernig komast má um svæðið, hvernig þjónustu við ferðafólk er háttað og fleira.

2. Samráð um stjórnun

Á seinni hluta fundarins verður þátttakendum skipt í hópa eftir málefnum og þeir beðnir um að ræða hugmyndir sínar um stjórnun svæðisins.

Mikilvægt er að sem flestt sjónarmið og hugmyndir skili sér í umræðunni sem efniviður í mótun breytinga á stjórnunar- og verndaráætlun. Svæðisráð mun síðan skila tillögu sinni að breytingum til stjórnar þjóðgarðsins. Stjórn þjóðgarðsins fjallar þá um tillöguna og auglýsir hana, skv. 12. grein laga um Vatnajökulspjóðgarð. Hagsmunaaðilum gefst þá kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Þegar stjórn þjóðgarðsins hefur fjallað um fram komnar athugasemdir skilar hún tillögunni til umhverfis- og auðlindaráðherra til staðfestingar.

Við vonumst til að sjá sem flesta þátttakendur á samráðsfundunum.

F.h. Svæðisráðs austursvæðis

Agnes Brá Birgisdóttir

Þjóðgarðsvörður á austursvæði Vatnajökulspjóðgarðs